

Fimmtudaginn 18. janúar 1996.

Nr. 180/1994.

**Húnaröst hf.**

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

gegn

**Sveinþóri Eiríkssyni**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

**og gagnsök**

Sjómenn. Ráðningarsamningur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Þá krefst hann einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi fyrir sitt leyti með stefnu 20. maí 1994. Hann krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað, sem hann krefst úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og nánar greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Húnaröst hf., greiði gagnáfrýjanda, Sveinþóri Eiríkssyni, samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1994.**

#### **I.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 14. maí 1993.

Stefnandi er Sveinþór Eiríksson, kt. 140450-2789, Suðurvangi 25, Hafnarfirði.

Stefndi er Húnaröst hf., kt. 671274-0919, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 464.852 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 15. mars 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara krefst stefndi þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega að mati dómsins. Þá er þess krafist, að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

## II.

Málavextir eru þeir helstir, að hið stefnda fyrirtæki á vélskipið Húnaröst, RE-550, sem er 366 rúmlestir að stærð og gert út m. a. á loðnuveiðar og togveiðar með botnvörpu. Í aprílmánuði 1990 var stefnandi ráðinn 2. stýrimaður á skipið. Ráðningu stefnanda annaðist Axel Axelsson, sem að jafnaði gegndi stöðu 1. stýrimanns á skipinu, en átti að taka við skipinu sem skipstjóri á togveiðum, er þá voru að hefjast. Höfðu slík skipstjóraskipti tíðkast um árabil um borð í skipinu.

Síðasta veiðiferð árið 1990 var farin 13. desember þ. á., og stóð hún til 18. s. m. Þá hafði Axel Axelsson einn verið með skipið að undanskildum sumarleyfistíma, en þá annaðist skipstjórn reglulegur skipstjóri skipsins, Hákon Magnússon. Axel Axelsson hætti störfum hjá stefnda í lok umræddrar veiðiferðar, þar eð hann hafði ráðið sig til annarra starfa.

Vélskipið Húnaröst hélt að nýju til togveiða 7. janúar 1991 undir stjórn Hákonar Magnússonar og hélt þeim veiðum áfram til 17. febrúar 1991, að loðnuveiðar hófust. Stefnandi var ekki skipverji þetta tímabil, enda hafði annar maður verið ráðinn í hans stað. Greinir aðila á um það, hvort stefnanda hafi verið sagt upp störfum eða ráðningartíma hans verið lokið samkvæmt ráðningarsamkomulagi.

### *Málsástæður stefnanda og lagarök.*

Stefnandi heldur því fram, að ráðningin hafi verið ótímabundin, en þó þannig, að hún réðist af því, hversu lengi skipinu yrði haldið úti til togveiða árin 1990 og 1991, þar til skipið hæfi loðnuveiðar á komandi vetrarvertíð.

Skv. lögskráningarbók skipsins hafi togúthöldin árið 1990 verið þrjú, þ. e. tímabilið 27. apríl til 3. júlí, 22. ágúst til 12. október og loks 24. október til 20. desember. Eftir áramótin 1990/1991, nánar tiltekið 7. janúar, hafi svo

verið skráð á skipið að nýju til togveiða og haldið út á þeim veiðum til 17. febrúar s. á., er skráð var á skipið til loðnuveiða.

Í ágúst 1990 hafi stefnandi farið að kenna doða og verks í vinstri hendi án þess þó að vera frá vinnu. Þetta hafi ágerst og lyktað með því, að stefnandi hafi verið óvinnufær veiðiferðina 16. til 24. október 1990. Af sömu ástæðu hafi hann óskað eftir launalausum leyfi 13. desember 1990 til þess að hvíla höndina og leita læknishjálpar. Hinn 20. desember 1990 hafi verið afskráð af skipinu.

Pegar skráð var á skipið laust eftir áramótin 1990 til 1991, hafi stefnandi ekki verið skráður. Hafi hann því litið svo á, að þar með hafi skiprúms-samningi hans í raun verið slitið, áður en ráðningartíma hans lauk.

Stefnandi kvaðst 21. janúar 1991 hafa tilkynnt útgerðarmanni og skipstjóra heilsufarsástand sitt og jafnframt, að til stæði, að hann gengi undir skurðaðgerð. Aðgerðin hafi verið framkvæmd, og hafi stefnandi náð viðunandi bata í hendinni og verið að fullu vinnufær 5. febrúar 1991. Útgerðarmanni og skipstjóra hafi báðum verið kunnugt um gang þessara mála. Þá hafi hann ritað stefnda bréf 28. janúar 1991 og mótmælt ráðningarslitum og gert jafnframt kröfu um, að sér yrðu greidd laun í veikindaförföllum sínum frá 19. desember 1990, svo sem lög og kjarasamningar kvæðu á um. Í bréfinu komi fram, að áformað hefði verið, að hann byrjaði að vinna um borð í skipinu eftir veiðiferð, sem lauk 19. desember 1990. Þá hafi verið fyrirsjáanlegt, að farið yrði á togveiðar eftir áramót í einhvern tíma, og hafi hann því verið þess fullviss, að ráðning stæði a. m. k., þar til loðnuvertíð hæfist, enda hafi læknar sínir ekki talið sig óvinnufæran.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að skiprúms-samningi sínum hafi verið slitið með ólögmatum og bótaskyldum hætti, áður en upphaflega umsaminn ráðningartími hafi runnið út. Af þeirri ástæðu beri að greiða sér laun á togveiðiúthaldi skipsins í janúar og febrúar 1991, þann tíma sem eftir var af ráðningartímanum.

Í öðru lagi hafi hann verið óvinnufær vegna sjúkdóms frá 19. desember 1990 og enn, er skráð var á skipið 7. janúar 1991. Beri sér því veikindalaun á úthaldi skipsins í janúar og febrúar 1990, til loka ráðningartímans. Togveiðitímabil skipsins í janúar og febrúar 1991 falli innan þess tímabils. Stefnanda beri því sömu laun og staðgengill hans á skipinu hafi fengið þetta umrædda tímabil.

Stefnandi reisir kröfur sínar á 9. gr. og 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Þá vísar hann til greina 1.28 og 1.33 í gildandi kjarasamningi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar við Landssamband íslenskra útvegsmanna, sem að stofni til sé frá 1987, en framlengdur hafi verið síðan nær óbreyttur, hvað varðar almenn kjaraatriði.

Fjárhæð dómkröfu er samkvæmt uppgjöri Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar á aflahlut á Húnaröst, RE-550, á togveiðiúthaldinu frá því í janúar og febrúar 1991. Samkvæmt því uppgjöri nam aflahlutur til 2. stýrimanns á úthaldinu 464.852 krónum, sem eru stefnukrafan. Af hálfu stefnda er ekki gerður tölulegur ágreiningur um stefnukröfuna.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ráðningarsamningur stefnanda hafi verið tímabundinn. Aðdragandi ráðningarinnar hafi verið með þeim hætti, að stefnandi hafi komið að máli við Axel Axelsson, sem að öllu jöfnu sé fyrsti stýrimaður á skipinu, en hafi í fjölda ára gegnt starfi skipstjóra í afleysingum, og falast eftir skiprúmi. Hafi stefnandi verið ráðinn á staðnum í afleysingar sem 2. stýrimaður, þar sem Hákon Magnússon, skipstjóri og stjórnarformaður Húnarastar hf., hafi farið í land til að sinna ýmsum störfum fyrir útgerðina og taka sér frí. Skýrt hafi verið tekið fram við stefnanda, að ráðning hans væri í ákveðinn tíma eða þar til Axel Axelsson hætti sem skipstjóri á Húnaröst, RE-550.

Venja hafi verið að gera ekki skriflega ráðningarsamninga, þegar ráðið hafi verið til afleysinga á skipið. Þar sem ráðningarsamningurinn hafi verið til ákveðins tíma, hafi ekki þurft að segja honum upp sérstaklega. Því hafi verið um að ræða munnlegan, tímabundinn og skilyrtan ráðningarsamning, og hafi stefnanda verið fullkunnugt um lok ráðningartímans.

Axel Axelsson hafi hætt skipstjórn á skipinu 18. desember 1990 og Magnús Magnússon þá tekið við. Afskráð hafi verið af skipinu 20. desember 1990, en skipið hafi ekki haldið aftur til veiða fyrr en 8. janúar 1991. Þar sem ráðningarsamningur stefnanda hafi runnið út, um leið og Axel lét af störfum sem skipstjóri, eigi 9. gr. laga nr. 35/1985 um uppsagnarfrest yfirmanna ekki við. Þar að auki hafi sú regla ekki getað átt við stefnanda, þar sem hann hafi ekki verið búinn vera afleysingamaður í nýu mánuði, svo sem greinin setji sem skilyrði hins sérstaka uppsagnarfrests yfirmanna. Gildi því reglur 26. gr. sjómannalaga um, að stefnandi eigi rétt á launum, frá því að hann hóf störf 27. apríl 1990 og þar til að ráðningarsamningi hans lauk 12. desember 1990, og skipti ekki máli, hvenær hann hafi verið skráður af skipinu.

Viðurkennt sé, að stefnandi hafi átt rétt til veikindalauna þann tíma, sem ráðningarsamningur hans gildi. Skv. því hafi stefnandi fengið frí á fullum launum frá 11. til 24. október 1990.

Stefnandi hafi farið fyrirvaralaust frá borði 12. desember, og sé það rangt, sem hann haldi fram, að hann hafi óskað eftir launalausum leyfi til að

leita lækningar, þar sem hann hafi ekki gefið neina ástæðu upp við skipstjóra. Því hafi engin ástæða verið til annars en ætla, að stefnandi væri farinn fyrir fullt og allt, þar sem þetta hafi verið síðasta veiðiferð Axels sem skipstjóra. Fram hafi komið, að stefnandi hafi verið slæmur í vinstri hendi, áður en hann var ráðinn á skipið. Hafi hann leynt þessu, og geti það leitt til missis veikindalauna vegna sama sjúkdóms á starfstímanum.

Stefnandi hafi verið orðinn vinnufær 5. febrúar 1991. Fram komi í læknisvottorði, að ekki hafi verið óhugsandi, að stefnandi gæti unnið störf við stjórnun eða eftirlit, þrátt fyrir það að hann hafi verið úrskurðaður óvinnufær. Vottorðs þessa hafi verið aflað 14. janúar 1991 og það þá hljóðað upp á, að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 3. s. m. Stefnandi hafi því ekki sannanlega verið óvinnufær, þegar skipið hélt til veiða 8. janúar 1991.

Af hálfu stefnda er ekki gerður tölulegur ágreiningur um dómkröfur stefnanda.

Hér fyrir dómi hafa stefnandi og Hákon Magnússon, skipstjóri og stjórnarformaður stefnda, gefið aðilaskýrslu. Þá hafa vitnin Axel Axelsson, Guðjón S. Jónsson og Ingimundur Ingimundarson gefið vitnaskýrslur í málinu.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Við ráðningu stefnanda á m/s Húnaröst, RE-550, var ekki gerður skriflegur ráðningarsamningur við hann, svo sem bar að gera skv. 42. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 35/1985. Samkvæmt ljósriti skipshafnarskrár, sem liggur fyrir í málinu, var stefnandi ráðinn á skipið til togveiða. Að öðru leyti var ráðningartími stefnanda ekki ákveðinn sérstaklega við lögskráningu hans á skipið, svo sem heimilt hefði verið að gera skv. kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmannafélaga innan FARMANNA- og fiskimannasambands Íslands hins vegar. Ber stefndi sönnunarbyrðina fyrir því, að ráðningartími stefnanda hafi ekki verið allt togveititímabil skipsins á viðkomandi tímabili.

Í framburði aðila og vitna hér fyrir dómi hefur verið upplýst, að mjög hafi verið á reiki, hvenær m/s Húnaröst, RE-550, hóf loðnuveiðar á liðnum árum, en venjulega hafi það þó ekki verið síðar en um áramót.

Vitnið Axel Axelsson hefur borið fyrir dóminum, að það hafi ráðið stefnanda í stöðu 2. stýrimanns það tímabil, sem það gegndi skipstjórastöðu fyrir hinn reglulega skipstjóra, og hafi stefnanda verið það ljóst. Vitnið Guðjón S. Jónsson, fyrrverandi skipverji á skipinu, var viðstatt, er Axel Axelsson réð stefnanda. Staðfesti vitnið, að það hefði komið fram við ráðninguna, að stefnandi yrði stýrimaður, á meðan Axel Axelsson væri með skipið.

Við mat á sönnunargildi vitnaframburðar Guðjóns S. Jónssonar ber að hafa í huga, að langt er um liðið, frá því að atvikið gerðist, og að vitnisburðarins var aflað með skjali, sem stefndi útbjó eftir símtal við vitnið og sendi því til undirritunar. Skjal þetta var síðan lagt fram í málinu. Þykir vitnið því ekki nægilega trúverðugt um þetta einstaka atriði, svo að framburði þess verði treyst. Önnur vitni voru ekki að ráðningarsamningi stefnanda og Axels Axelssonar.

Í framburði Hákonar Magnússonar, skipstjóra og stjórnarformanns stefnda, kom fram, að Axel Axelsson hefði tjáð sér, þegar hann kom úr sumarleyfi haustið 1990, að hann hefði hug á að hætta störfum á skipinu og þyrfti að vera kominn í land þá um haustið. Stefnandi fór ekki í veiðiferð m/s Húnarastar, RE-550, sem hófst 13. desember 1990, en hann var þá, eftir því sem kemur fram í framburði Axels Axelssonar skipstjóra, í launalausleyfi. Verður því ekki miðað við, að stefnandi hafi farið fyrirvaralaust frá borði, svo sem stefndi heldur fram í greinargerð. Á þeim tíma var hins vegar ljóst, að Axel Axelsson var að láta af störfum fyrir stefnda og umrædd veiðiferð hans hin síðasta á skipinu. Eftir því sem upplýst er í málinu, var áhöfninni þetta einnig ljóst. Þrátt fyrir það virtist ekki hafa verið gengið þannig frá málum, þegar stefnandi fór í umrætt leyfi, að þar með væri ráðningu hans á skipinu lokið og hann því skráður af skipinu. Hefði það hins vegar verið eðlilegt, ef ráðningartími stefnanda hefði eingöngu átt að miðast við veru Axels Axelssonar sem skipstjóra á skipinu. Samkvæmt siglingavottorði stefnanda, sem frammi liggur í málinu, var hann lögskráður á skipið til 20. desember 1990.

Það er álit réttarins, þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, að stefnda hafi ekki tekist að sanna, að ráðningu stefnanda hafi lokið, er Axel Axelsson hætti sem skipstjóri á skipinu.

Stefnandi hefur haldið því fram, að fyrirsjáanlegt hafi verið í lok desember 1990, að farið yrði á togveiðar eftir áramót í einhvern tíma. Þegar m/s Húnaröst hélt til togveiða 8. janúar 1991, var stefnandi ekki boðaður til skips, enda hafði þá annar maður verið ráðinn í stöðu hans á skipinu. Má fallast á með stefnanda, að með því hafi skiprúmssamningi hans verið slitið, áður en upphaflegur umsaminn ráðningartími var úti. Ber stefnanda af þeim sökum laun úr hendi stefnda, svo sem hann hefði fengið sem 2. stýrimaður á skipinu, í þessu tilviki til loka ráðningartímans 17. febrúar 1991, er skipið hætti togveiðum.

Stefnukrafan er reist á uppgjöri á aflahlut 2. stýrimanns á skipinu frá 7. janúar 1991 til þess tíma, er skipið hætti togveiðum og hélt á loðnveiðar, og er óumdeild tölulega. Ber því að taka kröfur stefnanda í máli þessu til greina að öllu leyti.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðila beri sinn hluta málskostnaðar.  
Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Húnaröst hf., greiði stefnanda, Sveinþóri Eiríkssyni, 464.852 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. mars 1991 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

---